

Samstarfshópur um málefni miðborgar

Þriðji fundur samstarfshóps miðborgarmála var haldinn, þriðjudaginn 27. apríl 2021 með fjarfundarbúnaði og hófst hann kl. 12:30. Fundinn sátu Þorsteinn Gunnarsson formaður samráðshópsins, Ágúst Elvar Bjarnason, Anna Kristinsdóttir, Arnar Guðmundsson, Arnar Þór Hjaltested, Bjarni Brynjólfsson, Bjarni Rúnar Ingvarsson, Björg Jónsdóttir, Elínborg Ragnarsdóttir, Finnur Bogi Hannesson, Friðjón Sigurðarson, Gíslína Petra Þórarinsdóttir, Guðbjartur Magnússon, Guðný María Jóhannsdóttir, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Hafsteinn Viktorsson, Jón Grétar Jónsson, Karen María Jónsdóttir, Kristjana Ósk Jónsdóttir, Ólafur Stephensen, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rebekka Guðmundsdóttir, Sævar Hilmarrson, Sigfús Ómar Höskuldsson, Sigprúður Erla Arnardóttir, Tinna Jóhannsdóttir, Þorsteinn Rúnar Hermannsson. Fundargerð ritaði Jón Halldór Jónasson.

Þetta gerðist:

1. Opnun fundar. Þorsteinn Gunnarsson borgaritari opnaði fundinn og rifjaði upp markmið og skipan samstarfshópsins. Sjá nánar í glærum. Nýtt hagfélag miðborgarinnar. Jón Halldór Jónasson verkefnastjóri hjá atvinnuþróunarteymi sagði frá starfshópi um nýtt hagfélag miðborgar. Inga Hlín Pálsdóttir hefur verið fengin sem ráðgjafi til verksins og vinna fulltrúar núverandi hagfélaga í miðborginni með henni á reglubundnum fundum. Stefnt er að umræðufundi þegar samkomutakmörkunum léttir. Inga Hlín komst ekki til fundarins en tók saman greinargóðar glærur sem Jón Halldór fór yfir og eru hluti af fundargögnum.
2. Greining á atvinnuhúsnaði. Guðný María Jóhannsdóttir verkefnistjóri hjá atvinnuþróunarteymi sagði frá starfshópi um greiningu á atvinnuhúsnaði í miðborg Reykjavíkur. Sjá nánar í glærum. Starfshópur hefur átt nokkra fundi að undanfögnu og hefur Samúel Torfi Pétursson verið fenginn sem ráðgjafi.
3. Vinnuhópur um tölfræði. Guðný María sagði einnig frá vinnuhópi um tölfræði um málefni miðborgar. Sjá nánar í glærum. Stefnt er að fundi í starfshópi innan tíðar.

Umræður:

Arnar Guðmundsson benti á að skoða mætti samanburð við aðrar borgir.

4. Vörudreifing. Bjarni Rúnar Ingvarsson samgönguverkfræðingur hjá samgönguskrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs sagði frá því sem er fyrirhugað um vörudreifingu í tengslum við starfshóp um vörudreifingu. Bjarni vísaði í sinni kynningu á upplýsingasvæði á vef Reykjavíkur reykjavik.is/thjonusta/voruloseun. Hann kynnti fyrirhuguð ný stæði annars vegar við Lækjargötu 2 og hins vegar á Frakkastíg. Sjá nánar í glærum Bjarna Rúnars.

Umræður:

Ólafur Stephensen hjá FA er ánægður með það samtal sem hefur átt sér stað.

Sigfús Ómar Höskuld kom með spurningu um samstarfið og hverjir kæmu að því. Einnig velti hann upp spurningu um rútuumferðina.

Bjarni Rúnar Ingvarsson er nýlega kominn í hópinn og þekkir ekki hvernig til hans var stofnað. Hann sagði að nýju vöruloseunarsvæðin tækju ekki frá rútuþoppistöðum. Þau hjá samgönguskrifstofunni hafa m.a. átt fundi með íbúum, en það væri ástæða til að ræða saman fljótlega.

Sigfús Ómar Höskuldsson benti á að m.a. þyrfti að skoða svæðið við Hallgrímskirkju m.t.t. rútuumferðar.

5. Sumarborgin 2021 og borgarhönnun. Björg Jónsdóttir og Rebekka Guðmundsdóttir verkefnisstjórar sögðu frá verkefninu Sumarborgin 2021. Áhersla er á að laða fólk í miðborgina og glæða hana lífi. Verkefnið í fyrra heppnaðist vel og því verður haldið áfram undir heitinu Borgin okkar. Í sumar á að halda áfram að fegra miðborgina og efla

lífið. Unnið er þvert innan borgarinnar í samstarfi við aðila í verslun og þjónustu. Aðgerðarhópur borgarinnar fær tímabundið aðstöðu í Aðalstræti 2. Gert er ráð fyrir fjölmörgum viðburðum sem styrktir verða úr viðburðarpotti Sumarborgarinnar. Nú í apríl bárust tæplega 70 umsóknir. Sjá nánar í glærum.

Rebekka sagði að áhersla yrði sem fyrr lögð áhersla á borgarhönnunina, fríska upp á liti og skapa aðstöðu fyrir mannlíf og rekstur á borgarlandinu og sérstakar aðgerðir á upplifunar- og dvalarsvæðum á nokkrum völdum svæðum í miðborginni. Sjá nánar í glærum.

Umræður:

Arnar Guðmundsson hjá íbúasamtökum miðborgarinnar benti á að horfa mætti til alls ársins með t.d. heilsársgróðurkerjum.

6. Miðborgarsjóður. Þorsteinn Gunnarsson borgarritari sagði eins og Björg hafði upplýst að viðburðarpottur Sumarborgarinnar nyti góðs af Miðborgarsjóði.
7. Framkvæmdir í miðborginni í sumar. Elínborg Ragnarsdóttir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði sagði frá fyrirhuguðum framkvæmdum í miðborginni í sumar og sýndi yfirlitsmynd með framkvæmdum á glærum.

Umræður:

Bjarni Brynjólfsson spurði um framkvæmdir Veitna á Vesturgötu. Frétt hefði farið út en nánari upplýsingar vantaði. Þetta yrðu umtalsverðar framkvæmdir

Gunnar Hersveinn sagði að framkvæmdaáætlun hjá Veitum væru í undirbúningi en endanleg áætlun lægi ekki fyrir, en verkið væri á hendi Veitna.

8. Önnur mál. Ekkert var tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Fundi slitið kl. 13:30

Þorsteinn Gunnarsson